

**Ed.**

**325. Breytingartillaga**

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 126 9. des. 1941, um viðauka við og breyt. á l. 8. sept. 1941 um húsaleigu.

Frá Ingvari Pálmasyni.

Við 1. gr. Greinin orðist þannig:

1. gr. laganna hljóði svo:

Leigusala er óheimilt að segja upp leigusamningum um húsnæði, nema honum sé þess brýn þörf til íbúðar fyrir sjálfan sig eða skyldmenni í beinni línu, svo og fósturbörn, að dómi húsaleigunefndar (fasteignamatsnefndar). Í kaupstöðum með 2000 íbúa eða fleiri er þó slík uppsögn því aðeins heimil, að leigusali hafi verið orðinn eigandi hússins áður en lög þessi öðluðust gildi.